

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2016
R2016040025/12.8.4

420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um þingmál 618 – tímabundna endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Ríkisskattstjóri vísar til umsagnabeiðnar sem barst með tölvupósti þann 19. apríl 2016. Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga nr. 43/1999 verði framlengdur um fimm ár, að hlutfall endurgreiðslu verði hækkað úr 20% í 25% og að síðustu er lagt til að sjálfstæð nefnd hafi umsjón með afgreiðslu endurgreiðsluumsókna.


Ríkisskattstjóri hefur ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en vekur athygli á að í núgildandi lögum kemur fram að laun og verktakagreiðslur teljist eingöngu til framleiðslukostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi sbr. 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 43/1999. Umrætt ákvæði var lögfest með 2. gr. laga nr. 177/2000.

Ríkisskattstjóri telur með hliðsjón af skattskyldu erlendra listamanna hér á landi að eðlilegt sé að skilyrða endurgreiðslur enn frekar þannig að með endurgreiðslubeiðni beri að leggja fram staðfestingu frá ríkisskattstjóra þess efnis að staðið hafi verið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna þeirra erlendu listamanna sem hafa fengið greitt vegna þátttöku í kvikmyndum eða sjónvarpsefni sem framleitt hefur verið hér á landi. Mikill misbrestur er á því að erlendir kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendur standi skil á þeirri staðgreiðslu sem lögskilt er að standa skil á samkvæmt íslenskum lögum. Með því að skilyrða endurgreiðslur enn frekar eins og rakið var hér að framan væri unnt að tryggja að réttar skattgreiðslur bærust í ríkissjóð.

Að öðru leyti hefur ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Ástríður Þórey Jónsdóttir